



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 7/2014

Álagning dagsekta á USH - Sandblástur og málningu ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins til USH–Sandblástur og málningu ehf., kt. 580899-2189 að Berghellu 2, 221 Hafnarfirði þann 16. janúar 2013, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.
- Að fjarlægja skyldi hitablásara sem er í námunda við eldfim- og sprengifim efni.
- Að einungis skyldi nota persónuhlífar af viðurkenndri gerð sem eru í fullkomnu lagi.
- Að hafa fyrirliggjandi öryggisblöð í 16 liðum á íslensku fyrir varúðarmerkt efni.
- Að koma skyldi fyrir neyðarsturtu þar sem geymd eru og unnið er með varúðarmerkt ætandi efni.
- Að koma skyldi fyrir viðeigandi slökkvi- og eldvarnarbúnaði.
- Að koma skyldi fyrir viðeigandi sjúkrakassa og augnskoli.
- Að setja skyldi upp fullnægjandi lýsingu á umferðar- og vinnusvæði utanhúss.
- Að umferðar- og vinnusvæði skuli búnaði þannig komið fyrir að ekki skapist slyshætta.
- Að sprauturými skyldi aðskilið frá öðru vinnusvæði og loftræst þannig að mengað loft sé sogað burt frá þeim stað sem það myndast og berist ekki inn í vinnusvæði aftur.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum, 2., 6., og 7. mgr. 3. gr., 2. mgr. 10. gr., 6. mgr. 38. gr., 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 41. gr. reglna nr. 581/1995 um húnæði vinnustaða, 3. og 4. gr. reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits

ríkisins kom fram að félagið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi USH–Sandblástur og málningu ehf., dags. 15. mars 2013 og 15. apríl 2013. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins.

Með bréfi dags. 11. ágúst 2014 var athygli vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. USH–Sandblástur og málningu ehf. var veitt 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Engin svör bárust Vinnueftirlitinu.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Samkvæmt 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem USH–Sandblástur og málningu ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Samkvæmt gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 2 starfsmenn hjá USH–Sandblástur og málningu ehf., en fyrirtækið stundar sandblástur og málningu.

III. Ákvörðunarorð

„USH–Sandblástur og málningu ehf., kt. 580899-2189 hefur brotið gegn 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 10. gr. reglugerðar nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustöðum, með síðari breytingum, 2., 6., og 7. mgr. 3.

gr., 2. mgr. 10. gr., 6. mgr. 38. gr., 1. mgr. 39. gr. og 2. mgr. 41. gr. reglna nr. 581/1995 um húnæði vinnustaða, 3. og 4. gr. reglna nr. 497/1994 um notkun persónuhlífa og 5. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á USH–Sandblástur og málningu ehf. Skal fyrirtækið greiða kr. 20.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 16. janúar 2013.”